



## Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis Nefndasvið Alþingis

Reykjavík, 1. desember 2020

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um mótun heildstæðrar stefnu um afreksfólk í íþróttum, 81. mál.**

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí) fagnar ofangreindri tillögu um mótun heildstæðrar stefnu um afreksfólk í íþróttum, sem yrði tímasett samhliða því að tryggður verði fjárhagslegur stuðningur við afreksíþróttafólk.

Afreksstefna ÍSí hefur verið til í fjölmörg ár en hún er samþykkt á Íþróttabingi ÍSí og unnin í samstarfi sambandsaðila ÍSí í undanfara Íþróttabinga ÍSí. Stefnan tekur á fjölmörgum þáttum afreksíþróttastarfsins og setur kröfur á sérsambönd ÍSí varðandi mótun afreksstefnu fyrir viðkomandi íþróttagreinar innan ÍSí. Ríkisvaldið styður við afreksíþróttastarf með framlögum í Afrekssjóð ÍSí og hefur sá sjóður tekið miklum breytingum á síðustu árum með auknu framlagi ríkisins. Samhliða því hefur faglegt starf sérsambanda og umgjörð afreksíþróttastarfsins tekið miklum framförum.

Mikilvægt er að tillögur sem snúa að fjárhagslegum stuðningi við afreksíþróttafólk sé til viðbótar við þann stuðning sem nú þegar er veittur afreksíþróttastarfi á Íslandi.

ÍSí vill jafnframt koma því á framfæri að mikilvægt sé að horfa til þeirrar vinnu sem nú þegar hefur farið fram gagnvart stefnumótun í afreksíþróttum og tryggja jafnframt áframhaldandi fjármögnun afreksíþróttastarfsins. Á næstu mánuðum liggur fyrir að endurskoða áherslur í afreksíþróttastarfi innan ÍSí, enda Íþróttabing ÍSí á dagskrá vorið 2021. Frekari stefnumótun stjórnvalda og þær áherslur sem íþróttahreyfingin setur á Íþróttabingi ÍSí þurfa að fara saman enda mikilvægt að unnið sé eftir sameiginlegum markmiðum ef árangur á að nást á alþjóðlegum vettvangi.

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands lýsir sig reiðubúið til samstarfs um mótun heildstæðrar stefnu með þeim hætti sem þurfa þykir.

**Með kveðju,  
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS**

Líney Rut Halldórsdóttir  
framkvæmdastjóri

